



EFNI:

| | | |
|------------------------------|------|---|
| Fóstureyðingar 2011 | bls. | 1 |
| Ófrjósemis- aðgerðir 2011 | bls. | 2 |

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

FÓSTUREYÐINGAR 2011

Nýlega voru [tölur um fóstureyðingar árið 2011](#) gefnar út á vef Embættis landlæknis. Á sama tíma voru tölur ársins 2010 endurskoðaðar og endurútfagnar. Árið 2011 voru framkvæmdar 969 fóstureyðingar á Íslandi, sem er svipaður fjöldi og undangengin ár. Séu sömu tölur skoðaðar miðað við hverja 1.000 lifandi fædda má hins vegar merkja nokkra aukningu. Þannig voru framkvæmdar tæplega 216 fóstureyðingar á hverja 1.000 lifandi fædda einstaklinga árið 2011, en nokkur ár á undan hafa verið framkvæmdar um 200 fóstureyðingar á hverja 1.000 lifandi fædda. Þessi aukning helgast m.a. af því að árið 2011 fækkaði fæðingum nokkuð miðað við árin á undan, en þrír af fimm fjölmennustu árgöngum Íslandssögunnar fæddust á árunum 2008, 2009 og 2010.

Fóstureyðingar og aldur kvenna

Að jafnaði eru gerðar flestar fóstureyðingar á konum í aldurshópnum 20–24 ára. Árið 2011 varð engin breyting á því, en tæplega 30% allra fóstureyðinga það ár voru framkvæmdar á konum í þeim aldurshópi. Sé lítið til fjölda fóstureyðinga á hverjar 1.000 konur á aldrinum 20–24 voru þær tæplega 25 árið


| Fóstureyðingar | |
|----------------|--------|
| Ár | Fjöldi |
| 2000 | 987 |
| 2001 | 967 |
| 2002 | 900 |
| 2003 | 955 |
| 2004 | 889 |
| 2005 | 868 |
| 2006 | 904 |
| 2007 | 905 |
| 2008 | 959 |
| 2009 | 981 |
| 2010 | 977 |
| 2011 | 969 |

2011 eða lítið eitt fleiri en undanfarinn áratug.

Næst flestar fóstureyðingar voru hjá konum í aldurshópnum 25–29 ára, eða ríflega 19% allra fóstureyðinga, en strax á hæla þeirra koma stúlkur 19 ára og yngri með 18,2% framkvæmdra fóstureyðinga. Fjöldi fóstureyðinga á hverjar 1.000 stúlkur á aldrinum 15–19 ára

hefur haldist nokkuð stöðugur undanfarin fimm ár (15,6 árið 2011), en fóstureyðingar í þessum yngsta aldurshópi voru heldur fleiri fyrir áratug. Hlutfallslega færast fóstureyðingar voru meðal kvenna yfir fertugu, 4% af heildarfjöldanum.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir



ÓFRJÓSEMISAÐGERÐIR 2011

Árið 2011 gengust fleiri karlmenn undir ófrjósemisaðgerð hér á landi en nokkru sinni fyrr.

Embætti landlæknis heldur skrá yfir ófrjósemisaðgerðir á grundvelli laga nr. 25/1975 og birtir árlega [tölulegar upplýsingar úr skránni](#). Árið 2011 gekkst 581 einstaklingur undir ófrjósemisaðgerð hér á landi, 424 karlar og 157 konur. Það eru heldur færri ófrjósemisaðgerðir en árið 2010 en hins vegar nokkur fleiri en á árabílinu 2004–2009.

Ófrjósemisaðgerðir og kyn

Mikil breyting hefur orðið síðustu tvo áratuginum hvað varðar kynjaskiptingu í þeim hópi einstaklinga sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir. Tölfræðin sýnir að ófrjósemisaðgerðum á körlum hefur fjölgað jafnt og þétt

og árið 2011 gengust fleiri karlmenn undir ófrjósemisaðgerð hér á landi en nokkru sinni fyrr (424). Það ár voru karlmenn tæplega 73% þeirra sem gengust undir slíkar aðgerðir. Fyrir áratug voru ófrjósemisaðgerðir á körlum um 38% af heildarfjölda aðgerða en fyrir tuttugu árum voru þær einungis 5% allra ófrjósemisaðgerða. Á hinn bóginn hefur ófrjósemisaðgerðum á konum fækkað undanfarna áratugi og eru þær nú um 27% af heildarfjölda aðgerða.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

| Ófrjósemisaðgerðir | |
|--------------------|--------|
| Ár | Fjöldi |
| 2000 | 765 |
| 2001 | 667 |
| 2002 | 662 |
| 2003 | 627 |
| 2004 | 514 |
| 2005 | 565 |
| 2006 | 531 |
| 2007 | 496 |
| 2008 | 520 |
| 2009 | 512 |
| 2010 | 603 |
| 2011 | 581 |

